

**Nd.**

**298. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 63 7 maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum kr. 6500,00 á ári, er hækki þriðja hvert ár um 500 krónur upp í 8000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins.

Kaupgreiðslur til stýrimanna, vélstjóra, fullgildra háseta, kyndara og annara skipverja skulu hafðar í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkisins. Eigi skal þó taka tillit til kaupuppbótar þeirrar fyrir strandsiglingar (strandferðauppbótar), sem greidd er á strandferðaskipunum. Verði varðskipunum lagt upp um lengri eða skemmri tíma, skal allt kaupgjald á þeim lækka um 25% þann tíma, sem skipin liggja uppi.

Starfsmenn á varðskipunum skulu njóta sama réttar og aðrir embættismenn um eftirlaun, enda greiði þeir árlegt gjald í lífeyrissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.